



Ættleiðingar á Íslandi

100 hjón á biðlista

SNEMMA ÁRS 1986 stöðvaði dómsmálaráðuneytið afgreiðslu allra leyfa til ættleiðingar erlendra barna frá Sri Lanka. Pappírar sem fylgdu ættleiddu barni þóttu ekki alls kostar réttir og milligöngumaður sá í Sri Lanka sem útvegaði íslenskum hjónum börn ekki ábyggilegur. 104 börn voru ætt-

leidd frá Sri Lanka árið áður og í upphafi ársins þar til ráðuneytið sá ástæðu til að skoða þessi mál nánar. Þá voru 35 hjón á biðlista – í dag telur biðlisti félagsins *Íslensk ættleiðing* á annað hundrað hjón sem vilja ráða bót á barnleysi sínu með ættleiðingu barns erlendis frá. Örfá hjón hafa fengið

úrlausn sinna mála eftir öðrum leiðum en að öðru leyti liggja ættleiðingar erlendra barna enn niðri.

Áhugi barnlausra hjóna hér á landi á því að ættleiða börn erlendis frá hefur farið sívaxandi síðustu tíu ár. Allir þeir aðilar sem Þjóðlíf talaði við er þessi grein var í vinnslu voru sammála um að ættleiðingarnar hefðu undantekningarlaust gefist vel og fært bæði foreldrum og börnunum lífshamingju og gleði. Engin sérstök vandamál hefðu komið upp þótt börnin kæmu mestmegnis frá ólíkum, fjarskyldum samfélögum þriðja heimsins og litarháttur þeirra væri annar en íslenskra barna. Allir foreldrar sem rætt var